



Stytting Hörgaeyrargarðs

Umsókn um framkvæmdaleyfi



11. apríl 2024

ATA

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	2
2. Lýsing á framkvæmd	3
3. Lagnir og háspennulínur	4
4. Samræmi við skipulag	6
Deiliskipulag	6
Mat á umhverfisáhrifum	6
5. Efnismóttaka í Skansfjöru	7

Unnið af ráðgjafarfyrtækinu Alta

www.alta.is alta@alta.is

A1686-003-U01

1. Inngangur

Vestmannaeyjahöfn sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Umhverfis- og skipulagsráðs fyrir styttingu Hörgaeyrargarðs í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli Deiliskipulags Hörgaeyrargarðs sem auglýst er samhliða þessari umsókn um framkvæmdaleyfi (sjá kafla 4). Svæðið sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir er gróflega afmarkað með rauðum kassa á mynd 1.2.

Sá hluti Hörgaeyrargarðs sem til stendur að stytta var að mestu byggður upp á árunum 1928-1929, en þá var garðurinn lengdur um 70 m. Á þeim tíma, fyrir Heimaeyjargos, var höfnin töluvert opnari og því berskjaldaðri fyrir ágangi sjávar. Garðurinn myndaði því skjól fyrir báta innan hafnarinnar. Höfnin er skjólsælli í dag vegna hraunsins sem kom úr gosinu og því gegnir garðurinn ekki lengur sama hlutverki. Nú er svo komið að garðurinn þrengir að siglingu skipa um höfnina. Þegar skip liggja við Nausthamarsbryggju, sem er andspænis Hörgaeyrargarði hafa myndast aðstæður þar sem legið hefur við að skip á siglingu rækist á skip sem liggja við bryggjuna. Siglingaleið skipa til hafnar er nokkuð hlykkjótt þar sem þau þurfa að sneiða hjá garðinum og grynningum í kringum hann. Til að tryggja örugga skipaumferð um höfnina hefur Siglingasvið Vegagerðarinnar lagt til að Hörgaeyrargarðurinn verði fjarlægður að hluta.



Mynd 1.2 Loftmynd af Vestmannaeyjahöfn, framkvæmdaleyfissvæðið (suðurendi Hörgaeyrargarðs) er merkt inn með rauðum kassa

2. Lýsing á framkvæmd

Vestmannaeyjahöfn hyggst stytta Hörgaeyrargarð sem er um 150 m langur, um 40 m. Vegagerðin gerir ráð fyrir því að um 4.900 m³ af efni verði fjarlægðir úr Hörgaeyrargarði miðað við dýpkun niður á -2 m skv. sjómælingakerfi. Dýpkað verður með gröfu á pramma svo ekki þarf að leggja veg að garðinum. Gert er ráð fyrir að stytting Hörgaeyrargarðs taki um tvær vikur og mun framkvæmdin fara fram í einum áfanga, utan varptíma æðarfugls.

Ráðgert er að nýta stóran hluta efnis úr Hörgaeyrargarði í viðhald á hafnarmannvirkjum og sjóvarnagarði og aðra uppbyggingu á Heimaey eftir þörfum. Nýtanlegt efni verður því haugsett á efnismóttökusvæði á efnistökusvæði við Skansinn, sjá mynd 5.3. Sótt verður um starfsleyfi til sex ára, til ársins 2030, fyrir efnismóttöku þessari skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Fjallað er nánar um efnismóttökuna í kafla 5. Þar verður efnið tiltækt þegar nauðsynlegt verður að styrkja hafnarmannvirki. Þar sem jarðefni eru af skorum skammti í Vestmannaeyjum verður farið vel með allt efni og það nýtt sem best til uppbyggingar þar sem þörf er á. Jarðvegssýni hafa verið tekin sitt hvoru megin við garðinn og send til rannsóknar. Ef efnið reynist ómengað af þungmálmum og þrávirkum efnum verður því efni sem telst ekki nýtanlegt varpað í hafið í samræmi við þartilgerða heimild Umhverfisstofnunar sem sótt verður um.

Við enda Hörgaeyrargarðs eru siglingaljós sem verða tekin niður á meðan á framkvæmdum stendur og sett upp aftur á styttri garði við framkvæmdalok.

Sett verður upp bráðabirgðasiglingaljós á meðan á framkvæmdinni stendur. Höfnin verður opin á meðan framkvæmdum stendur og er ekki gert ráð fyrir neinni truflun á umferð um innsiglinguna. Gætt verður að háspennustreng, Vestmannaeyjalínu 1, sem liggur nærri framkvæmdasvæði við framkvæmdina (sbr. kafla 3)


Framkvæmdin er hvorki matsskyld né tilkynningarskyld skv. lögum nr 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en fjallað er um líkleg umhverfisáhrif í kafla 4.




Mynd 2.1 hluti Hörgaeyrargarðs sem verður fjarlægður er gróflega merktur inn með rauðri brotalínu. Hæðarlínur eru sýndar í hvítu.

3. Lagnir og háspennulínur

Staðsetning lagna í innsiglingunni og höfninni sést á myndum 3.1 til 3.3. Lagnir sem þar fara um eru háspennustrengir Landsnets frá landi til Heimaeyjar, Vestmannaeyjalínur 1 til 3 og rafstengur sem liggur í gegnum höfnina sbr. mynd 3.1. Háspennustrengirnir eru ekki innan framkvæmdasvæðis en Vestmannaeyjalína 1 liggur nærri því og taka þarf tillit til hennar við framkvæmd.




Mynd 3.1 sýnir legu háspennulína Landsnets frá landi, Vestmannaeyjalínur 1 og 2 eru sýndar með appelsínugulum og Vestmannaeyjalína 3 með bláum brotalínum. Lega rafstrengja er sýnd með bleikum lit. Vestmannaeyjalína 1 liggur í næsta nágrenni við framkvæmdasvæðið.



Mynd 3.2 sýnir legu vatnsveitu. Vatnsveita frá landi er sýnd með breiðum dökkbláum línunum, inn innsiglinguna. Engar vatnsveitulagnir liggja innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Lega vatnsveitu sést á mynd 3.2 Eins og þar kemur fram liggja engar kaldavatnslagnir við framkvæmdasvæðið. Lega fráveitu er sýnd á mynd 3.3 með appelsínugulum lit. Eins og þar kemur fram liggja engar fráveitur innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.



Mynd 3.3 sýnir legu fráveitu með appelsínugulum lit. Engin fráveita liggur innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.



Mynd 3.4 loftmynd af innsiglingu Vestmannaeyjahafnar sem sýnir m.a. Hörgaeyrargarð

4. Samræmi við skipulag

Deiliskipulag

Stytting Hörgaeyrargarðs er í samræmi við nýtt Deiliskipulag Hörgaeyrargarðs, sem auglýst er samhliða þessari umsókn um framkvæmdaleyfi, sjá fylgiskjal 3.

Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin er hvorki matsskyld né tilkynningarskyld skv. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Allt land sem framkvæmdin gæti haft áhrif á er manngert en hefur náð náttúrulegu jafnvægi á löngum tíma. Ekki verður séð að stytting garðsins, þ.e. að landslag verði fært til upprunalegs horfs á hluta svæðisins, get haft verulegt áhrif á náttúrufar.


Æðarvarp er í Löngufjöru og á Hörgaeyrargarði sem þarf að taka tillit til við framkvæmdir. Settir hafa verið skilmálar í deiliskipulag og framkvæmdalýsingu þessa um að framkvæmdin skuli eiga sér stað utan varptíma æðarfugls.

Efni úr garðinum verður nýtt eftir föngum í uppbyggingu í Vestmannaeyjabæ, en verður geymt tímabundið í efnismóttöku sem komið verður fyrir á hafnarsvæði H-4 í Skansfjöru. Settar verða reglur um meðferð efnisins í starfsleyfi efnismóttökunnar, en tillaga að reglum má sjá í 5. kafla.

Áhrif styttingar á vindöldu innan hafnarinnar hafa verið metin óveruleg, skv. skýrslu Vegagerðarinnar¹, frá 2022. Stytting garðsins eykur svigrúm fyrir siglingu stórra skipa í innsiglingunni og mun auka öryggi skipaumferðar til muna.

¹Vestmannaeyjahöfn. Öldufar innan hafnar. Áhrif styttingar Hörgaeyrargarðs,

Vegagerðin, maí 2022.



Mynd 4.1 sýnir deiliskipulagsuppdrátt Hörgaeyrargarðs.

5. Efnismóttaka í Skansfjöru

Komið verður upp efnismóttöku fyrir efnið sem fjarlægt verður úr Hörgaeyrargarði á Sandfangaranum, efnistökusvæði við Skansinn á hafnarsvæði H-4. Svæðið er innan hafnarsvæðis H-4 á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035. Sótt verður um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 fyrir efnismóttökuna, sbr. kafla 3.5 til 6 ára, til ársins 2030.

Efnismóttakan verður u.þ.b. 700 m² að flatarmáli og mun taka allt að 4.900 m³ af efni. Efnið verður nýtt eftir þörfum.

Vestmannaeyjahöfn mun fylgja eftirfarandi reglum við rekstur efnismóttökunnar:

- Umsjónarmaður mun hafa eftirlit með uppbyggingu efnismóttökunnar.
- Við uppgröft og brottakstur á efni úr efnismóttökunni verður að gæta þess að efni berist ekki á götur og gangstéttar og komi það fyrir skal sá sem því dreifir, hreinsa það burt jafnóðum.
- Tryggja þarf að efni sé komið þannig fyrir að ekki verði jarðvegsfok. Verði talin hætta á jarðvegsfoki, verði efni bleytt til rykbindingar til þess að koma í veg fyrir rykmengun.
- Efnismóttakan verður opnuð þegar Vestmannaeyjabær hyggst nýta efnið.
- Áhersla verður lögð á að halda svæðinu eins snyrtilegu og hægt er.



Mynd 5.3 Sandfangarinn, efnistökusvæði við Skansinn, þar sem efnið úr Hörgæyrargarði verður geymt tímabundið